

Verklag við útflutningseftirlit fiskafurða

1. Útflytjandi sækir um útgáfu á heilbrigðisvottorði með sendingu af fiskafurðum til útflutnings með því að fylla út viðeigandi vottorðseyðublað og senda á utflutningur@mast.is
2. Starfsmaður MAST á Inn- og útflutningsskrifstofu sem sér um vottorðsútgáfu fiskafurða, kallar eftir hleðslustaðfestingu ([EBL-016](#)) hjá útflytjanda í samræmi við Eftirlitsáætlun um útflutning fiskafurða ([LBE-099](#)).
3. Starfsmaður MAST (skv. lið 2.) sendir útfyllta hleðslustaðfestingu ([EBL-016](#)) vegna sendingarinnar til viðeigandi eftirlitsmanns. Sjá meðfylgjandi skrá með upplýsingum um eftirlitsaðila.
4. Eftirlitsmaður (HES) undirbýr hleðslustaðfestingu með því að prenta út útfyllt [EBL-016](#) og hafa samband við tengilið á tilgreindri lestunarhöfn sendingar varðandi tímasetningu eftirlits.
5. Á lestunarhöfn framkvæmir eftirlitsmaður eftirlit samkvæmt gátlista ([GAT-015](#)). Jafnframt lýkur hann við útfyllingu á hleðslustaðfestingunni.
6. Eftirlitsmaður sendir útfyllt og frágengin skjöl ([EBL-016](#) og [GAT-015](#)) til MAST á utflutningur@mast.is